



Íslenska 3. bekkur 2024-2025

Í íslensku verður unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir 1. - 4. bekk. Áhersla er lögð á:

- Talað mál, hlustun og áhorf
- Lestur og bókmenntir
- Málfræði
- Ritun

Kennsluaðferðir

Íslenskukennslan fer aðallega fram í stöðvavinnu. Nemendahópnun er skipt í fjóra hópa. Í hverri viku eru skipulagðar ólíkar stöðvar og vinna nemendur 25-30 mín. á hverri stöð. Stöðvaverkefni eru fjölbreytt og lifandi. Þar að auki er lögð mikil áhersla á lestur og hlustun. Sem dæmi er yndislestrarstund nokkrum sinnum í viku, PALS tvisvar í viku í 12 vikur og lesið er fyrir nemendur í nestistímum.

Námsefni og gögn

Ritrún 3, Lesrún, Skrift: *Góður, betri, bestur*, rafrænt efni, spil, leikir og fjölbreytt verkefni úr ýmsum áttum.

Námsmat

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg. Leiðsagnarnám hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvætt og gagnlegt. Tilgangurinn er að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Einnig verða lagðar fyrir kannanir, matslistar, skimanir og próf og hæfni færð inn í hæfnikort nemenda.

Kennarar – Signý Ingadóttir og Anna Ólafía Guðnadóttir